

# Vorviður

Stuðningur við skógrækt félaga og samtaka

## Inngangur

Sem hluti af aðgerðaráætlun ríkisins í loftslagsmálum er Skógræktinni falið að efla tengsl við og styðja félagasamtök með sérstöku verkefni. Verkefni þetta er hluti aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og bættrar landnýtingar í þágu loftslags.

## Markmið og forsendur

Markmið verkefnisins er að efla samstarf Skógræktarinnar og ýmissa félaga um allt land með því augnamiði að gefa félögum kost á að binda kolefni með eigin skógrækt. Félög sem nota land sem þegar er á skipulögðu skógræktarlandi munu njóta forgangs. Plönturnar skulu vera ræktaðar í ræktunarstöð, kostur ef hún er í heimahéraði. Ekki er um að ræða styrk vegna eigin plöntuframleiðslu. Styrkirnir eru ætlaðir almennum félögum og félagasamtökum. Fritæki og opinberar stofnanir eða félög (hf., ehf., sf., ohf.) koma ekki til greina.

Stuðningurinn felst í endurgreiðslu kostnaðar við plöntukaup eingöngu. Félög sækja um styrkinn til Skógræktarinnar sem annast umsýslu þessa verkefnis. Sækja þarf um fyrir hvert ár eins og vinnureglur kveða á um. Umsóknarfrestur fyrir verkefni árið 2023 er til 15. apríl 2023. Nánari útfærslur, leiðbeiningar og einstakar forsendur úthlutana er að finna á upplýsingasíðu verkefnisins.

## Nánari útfærsla og ÚTHLUTUNARREGLUR

### Umsækjendur

Markhópurinn er almannafélög eða félagasamtök.

### Umsóknir

Félög sækja um styrkinn til Skógræktarinnar sem annast umsýslu þessa verkefnis. Umsóknarfrestur fyrir verkefni árið 2023 er til 15. apríl 2023.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á vef Skógræktarinnar, [www.skogur.is/vorvidur](http://www.skogur.is/vorvidur). Í umsókn þarf að koma fram:

- Nafn (og kennitala ef við á) heimilisfang, símanúmer og netfang félags og forsvarsmanns/tengiliðar
- Ræktunarsvæði, staðsetning og landgerð (lýsing ásamt mynd eða korti)
- Skipulagsleg staða landsins og verndarákvæði ef einhver eru
- Leyfi landeiganda (afrit af samningi/samkomulagi)
- Áætlað umfang, landstærð, fjöldi plantna, plöntutegundir og kostnaðaráætlun

## Forsendur styrkveitingar

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2023 og í byrjun maí mun verkefnisstjóri tilkynna umsækjendum um úthlutun vegna 2023.

Félag sem hlýtur styrk gerir samning við Skógræktina fyrir eitt ár í senn. Samningi fylgja leiðbeiningar um tegundaval og ræktun. Plöntur skulu vera af tilteknum tegundum skógartrjáa. Ekki er um að ræða skrauttré eða skrautrunna.

- Að umsækjandi hafi leyfi landeiganda fyrir framkvæmdinni og að hún stangist ekki á við verndarákvæði skv. landslögum eða skipulagsáætlun viðkomandi sveitarfélags.
- Landið sé friðað fyrir beit
- Styrkhæfar trjategundir eru tegundir sem metnar eru hæfar til að binda kolefni úr andrúmsloftinu hérlendis:
  - ilmbjörk og hengibjörk
  - reyniviður, gráreynir, silfurreynir og alpareynir
  - rússalerki, evrópulerki og lerkiblandingurinn 'Hrymur'
  - stafafura, bergfura og lindifura
  - sitkagreni, rauðgreni, hvítgreni og blágreni
  - fjallapínur
  - gráelri, bláelri, svartelri, ryðelri og sitka-/græn-/kjarrelri
  - alaskaösp og blæösp
  - jörvavíðir, alaskavíðir, sitkavíðir, lensuvíðir og selja
- Gerður verður samningur við styrkþega um viðkomandi skógræktarverkefni. Samningur byggist á upplýsingum umsækjanda, einfaldri ræktunaráætlun og kostnaðaráætlun

## Forgangur að styrkjum

Forgangsröðun mótast einkum af ræktunaröryggi, aðallega hvað varðar beitarfriðun og örugga getu félaga til að koma hlutum í verk.

### Land

- Stærri lönd sem eru skipulögð til skógræktar og friðuð fyrir beit eða svæði innan slíkra heilda, t.d. svæði innan skógræktarsvæða sveitarfélaga eða annarra aðila
- Stærri einkalönd sem eru friðuð fyrir beit
- Minni svæði (minnst 1 ha) sem eru friðuð fyrir beit
  - Svæði sem ekki eru friðuð fyrir beit koma ekki til greina
  - Fristundalóðir koma ekki til greina

### Félög

- Formleg félög sem ekki hafa aðgang að annarri fjármögnun til skógræktar, t.d. góðgerðarfélög og áhugamannasamtök
- Óformleg félög sem ekki hafa aðgang að annarri fjármögnun til skógræktar, t.d. vinnustaðafélög
- Félag sem hafa aðgang að annarri fjármögnun til skógræktar, t.d. skógræktarfélög
  - Fyrirtæki og opinberar stofnanir eða félög (hf., ehf., sf., ohf.) koma ekki til greina.

## Forsendur afgreiðslu styrks

- Greiðsla styrks fer fram í nóvembermánuði, að því gefnu að fyrir 1. október, hafi umsækjandi skilað framkvæmdaskýrslu á þar til gerðu eyðublaði og útlínunum hins nýja skógar, hnituðu inn með sérstöku appi (nánari upplýsingar sendar tengiliðum)
- Afrit sundurliðaðra plöntureikninga

## Um verkefnisstjórn og hlutverk verkefnisstjóra

- Skógræktin skipar sérstakan verkefnisstjóra til að annast verkefnið. Hlutverk verkefnisstjóra er að taka við umsóknum, yfirfara þær, meta og úthluta styrkjum. Hann sér um að fræða styrkþega og veita þeim ráðgjöf, fylgist með framgangi verkefna, tekur við framkvæmdaskýrslum og afritum reikninga og gengur úr skugga um að verkið hafi farið fram og að reglum verkefnisins hafi verið fylgt.
- Tillögur verkefnisstjóra um úthlutun hvers árs eru samþykktar af Skógræktinni.